



Reykjavík, 6. júní 2024

SFS23090112

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

---

### Breyting á viðauka um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Með bréfi til forsætisnefndar, dags. 21. september 2023, óskaði skóla- og frístundasvið eftir breytingu á viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er varðar embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Bréfið varðaði breytingu á embættisafgreiðslum varðandi daggæslu í heimahúsum. Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2023, var bréfið lagt fram til kynningar.

Á fundi forsætisnefndar, 9. febrúar 2024, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. september 2023, varðandi breytingu á viðauka 2.6. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og málinu vísað til borgarstjórnar.

Á fundi borgarstjórnar, 13. febrúar 2024, var tillaga að breytingu á viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar samþykkt.

Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019 var birt í Stjórnartíðindum 23. febrúar 2024.



Reykjavík